

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 69/2014

2014/EES/64/37

frá 27. janúar 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfsvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þar sem fjallað er um lofthæfi, voru rýmkuð til að fella þætti, sem varða mat á öruggri starfrækslu, inn í framkvæmdarreglurnar um tegundarvottun.
- 2) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ⁽²⁾ í því skyni að gera Flugöryggisstofnuninni kleift að samþykkja gögn um örugga starfrækslu sem hluta af ferlinu við tegundarvottun.
- 3) Flugöryggisstofnunin samdi drög að framkvæmdarreglum um hugtakið „gögn um örugga starfrækslu“ og lagði þau fyrir framkvæmdastjórnina sem álit ⁽³⁾ í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 4) Ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 ákvarðast af 2. gr. c í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ⁽⁴⁾. Ákvæði 2. gr. c í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 voru innleidd tímabundið til að tryggja hefðbundin réttindi fyrir tilteknar tegundir loftfara þar sem réttindin voru ekki tryggð með 2. gr. a í reglugerð (EB)

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 193/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

⁽³⁾ Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2011 frá 13. desember 2011, aðgengilegt á: <http://easa.europa.eu/official-publication/agency-opinions.php>

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

nr. 1702/2003. Þar sem þessu umbreytingarfyrirkomulagi lauk 28. september 2009 ætti að fella brott 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012.

- 5) Til þess að koma í veg fyrir rugling og réttaróvissu, að því er varðar liði 21.A.16A, 21.A.16B, 21.A.17, 21.A.31, 21.A.101 og 21.A.174 í 3. gr. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, er nauðsynlegt að „vottunarforskriftir“ komi í stað tilvísana í „lofthæfireglur“.
- 6) Til þess að koma í veg fyrir rugling og réttaróvissu, að því er varðar liði 21.A.4, 21.A.90A, 21.A.90B, 21.A.91, 21.A.92, 21.A.93, 21.A.95, 21.A.97, 21.A.103, 21.A.107, 21.A.109, 21.A.111, 21.A.263 og 21.A.435 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, er nauðsynlegt að tilvísanir í „tegundarvottorð“ komi í stað tilvísana í „tegundarhönnun“.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr:

Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) í a-lið 1. mgr. komi eftirfarandi í stað i. liðar:

„i. tegundarvottunargrunnurinn var:

— tegundarvottunargrunnur Flugöryggissamtaka Evrópu fyrir framleiðsluvörur sem hafa verið vottaðar samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu, eins og þær eru skilgreindar á upplýsingablaði Flugöryggissamtaka Evrópu eða

— að því er varðar aðrar framleiðsluvörur, tegundarvottunargrunnur, eins og hann er skilgreindur á upplýsingablaði tegundarvottorðs hönnunarríkis, ef það hönnunarríki var:

— aðildarríki, nema Flugöryggisstofnunin ákvarði, að teknu sérstöku tilliti til vottunarforskrifta, sem í gildi eru, og reynslu af notkun, að slíkur tegundarvottunargrunnur veiti ekki öryggi, sem jafngildir því sem krafist er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, eða

— ríki sem aðildarríki hefur gert tvíhliða lofthæfisamning við, eða svipað samkomulag, um fyrirkomulag á vottun framleiðsluvara á grundvelli vottunarforskrifta þess hönnunarríkis nema Flugöryggisstofnunin ákvarði að þær vottunarforskriftir eða reynsla af notkun eða öryggiskerfi hönnunarríkisins veiti ekki öryggi sem jafngildir því sem krafist er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð;

Flugöryggisstofnunin skal gera fyrsta mat á áhrifum ákvæða annars undirliðar með það fyrir augum að skila álitinu til framkvæmdastjórnarinnar ásamt hugsanlegum breytingum á þessari reglugerð,“.

b) Eftirfarandi komi í stað c- og d-liðar 2. mgr.:

„c) Þrátt fyrir lið 21.A.17.A í I. viðauka (21. hluta), skal tegundarvottunargrunnurinn vera sá sami og grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki,

d) staðfesting á samræmi, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, telst vera komin frá Flugöryggisstofnuninni í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a- og d-liðar 21.A.20 í I. viðauka (21. hluta).“

2) Ákvæði 5. gr. falli brott.

3) Eftirfarandi 7. gr. a bætist við:

„7. gr. a

Gögn um örugga starfrækslu

1. Handhafi tegundarvottorðs loftfars, sem var gefið út fyrir 17. febrúar 2014, sem hyggst afhenda rekstraraðila í ESB nýtt loftfar 17. febrúar 2014 eða síðar, skal fá samþykki fyrir því, í samræmi við e-lið 21.A.21 í I. viðauka (21. hluta), nema að því er varðar lágmarksnámsefni fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda og gagnaheimildir um fullgildingu loftfars, til að styðja hlutlausa viðurkenningu hermís eða herma. Samþykkið skal fengið eigi síðar en 18. desember 2015 eða áður en flugrekandi í ESB hefur starfrækslu loftfarsins, hvort sem er síðar. Heimilt er að takmarka gögn um örugga starfrækslu við tegundina sem er afhent.

2. Umsækjandi um tegundarvottorð loftfars, sem sótt var um fyrir 17. febrúar 2014 og þar sem tegundarvottorð var ekki gefið út fyrir 17. febrúar 2014, skal fá samþykki í samræmi við e-lið 21.A.21 í I. viðauka (21. hluta), nema að því er varðar lágmarksnámsefni fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda og gagnaheimildir um fullgildingu loftfars til að styðja við hlutlausa hæfni hermís eða herma. Samþykkið skal fengið eigi síðar en 18. desember 2015 eða áður en flugrekandi í ESB hefur starfrækslu loftfarsins, hvort sem er síðar. Eftirlit yfirvalda með því að farið sé að kröfum, með því að beita verklagi matsnefndarinnar í flugrekstrarmálum, sem er framkvæmt á ábyrgð Flugöryggissamtaka Evrópu eða Flugöryggisstofnunarinnar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skal samþykkt af Flugöryggisstofnuninni án frekari sannprófunar.

3. Skýrslur matsnefndarinnar í flugrekstrarmálum og grunnlistar yfir lágmarksbúnað, sem eru gefin út í samræmi við verklagsreglur Flugöryggissamtaka Evrópu eða Flugöryggisstofnunarinnar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu teljast vera gögn um örugga starfrækslu, sem eru samþykkt í samræmi við e-lið 21.A.21 í I. viðauka (21. hluta) og skulu fylgja með í viðkomandi tegundarvottorði. Fyrir 18. júní 2014 skulu handhafar viðkomandi tegundarvottorða leggja fyrir Flugöryggisstofnunina skiptingu á gögnum um örugga starfrækslu í skyldubundin og óskyldubundin gögn.

4. Handhafar tegundarvottorða, þ.m.t. gagna um örugga starfrækslu, skulu þurfa að fá samþykki á framlengingu á gildissviði samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki eða öðru verklagi við samþykki hönnunarfyrirtækis, eftir því sem við á, til að tekið sé tillit til sjónarmiða um örugga starfrækslu fyrir 18. desember 2015.“

4) Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 16.–34. liðar og 43. liðar í viðaukanum skulu gilda um umsækjendur um samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði sem og umsækjendur um viðbótartegundarvottorð frá og með 19. desember 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum 21. hluta í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað liðar 21.A.4 komi eftirfarandi:

„Samræming hönnunar og framleiðslu

Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, ETSO-heimildar, samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði eða samþykkis fyrir hönnun viðgerðar skal starfa með framleiðslufyrirtækinu, eftir því sem nauðsyn krefur, til að tryggja:

- a) fullnægjandi samræmingu hönnunar og framleiðslu, eins og krafist er í 21A.122, 3. og 4. lið b-liðar í 21A.130, 21A.133 og 2. og 3. lið c-liðar í 21A.165, eins og við á, og
- b) tilhlýðilegan stuðning við áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins.“

- 2) Eftirfarandi d-liður bætist við 21.A.15:

„d) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð loftfars skal fela í sér eða bætt skal við hana, eftir upphaflegu umsóknina, umsókn um samþykki á gögnum um örugga starfrækslu, sem samanstanda af eftirfarandi, eftir því sem við á:

1. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun til tegundarréttinda flugmanna, þ.m.t. ákvörðun um tegundaráritun,
2. skilgreiningu á gildissviði gagnaheimilda um fullgildingu loftfars til að styðja við hlutlausa viðurkenningu hermis eða herma, sem tengist þjálfun flugmanns til tegundarréttinda, eða bráðabirgðagögn sem styðja starfsréttindi þeirra til bráðabirgða,
3. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda, þ.m.t. ákvörðun um tegundaráritun,
4. ákvörðun um tegund eða afbrigði fyrir öryggis- og þjónustuliða og tiltekin gögn fyrir öryggis- og þjónustuliða,
5. grunnlista yfir lágmarksbúnað og
6. öðrum þáttum sem tengjast öruggri starfrækslu tiltekinna tegunda.“

- 3) Í stað 21.A.16A komi eftirfarandi:

„21.A.16A Vottunarforskriftir

Flugöryggisstofnunin skal, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, gefa út vottunarforskriftir, þ.m.t. vottunarforskriftir fyrir gögn um örugga starfrækslu, til að sýna á staðlaðan hátt fram á að framleiðsluvörur, hlutar og búnaður uppfylli viðeigandi grunnkröfur í I., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Slíkar forskriftir skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa umsækjendum til kynna skilyrðin fyrir útgáfu vottorðanna, breytingum á þeim eða viðbótum.“

- 4) Í stað liðar 21.A.16B komi eftirfarandi:

„21.A.16.B Sérstök skilyrði

- a) Flugöryggisstofnunin skal mæla fyrir um sérstakar, ítarlegar tækniforskriftir, sem nefnast sérstök skilyrði, fyrir framleiðsluvöru ef í tilheyrandi vottunarforskriftum eru ekki settir viðunandi eða viðeigandi öryggiskröfur um framleiðsluvöruna vegna þess:

1. að framleiðsluvaran hefur hönnunareinkenni, sem eru ný eða óvenjuleg, miðað við þær hönnunarvenjur sem viðeigandi vottunarforskriftir byggjast á eða
2. að fyrirhuguð notkun framleiðsluvörunnar er óhefðbundin eða

3. að reynsla af notkun á svipuðum framleiðsluvörum eða framleiðsluvörum, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hefur sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast.
- b) Með sérstöku skilyrðunum skulu settar öryggiskröfur sem Flugöryggisstofnunin telur nauðsynlegar til að koma á öryggi sem er sambærilegt því sem kveðið er á um í viðeigandi vottunarforskriftum.“
- 5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 21.A.17:
- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:
- „21.A.17A Tegundarvottunargrunnur“**
- b) Í stað 1. liðar a-liðar komi eftirfarandi:
- „1. viðeigandi vottunarforskriftir, sem Flugöryggisstofnunin setur og eru í gildi daginn sem sótt er um vottorðið, nema:
- i. Flugöryggisstofnunin tilgreini annað eða
- ii. umsækjandi kjósi að fara að breytingum, sem öðlast gildi síðar, eða þess sé krafist samkvæmt c- og d-lið.“
- c) Í stað 2. liðar c-liðar komi eftirfarandi:
- „2. að sækja um framlengingu á upphaflegu umsókninni og fara að viðeigandi vottunarforskriftum sem í gildi voru á þeim degi sem umsækjandi velur en sem má þó ekki vera fyrir en útgáfudagur tegundarvottorðs en sem nemur frestinum sem var settur samkvæmt b-lið fyrir upphaflegu umsóknina.“
- 6) Eftirfarandi liður 21.A.17B bætist við:
- „21.A.17B Vottunargrunnur gagna um örugga starfrækslu**
- a) Flugöryggisstofnunin skal tilkynna umsækjandanum um vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu. Tilkynningin skal fela í sér eftirfarandi:
1. viðeigandi vottunarforskriftir fyrir gögn um örugga starfrækslu, sem gefnar eru út í samræmi við lið 21.A.16A og sem taka gildi á umsóknardegi eða þegar sótt er um viðbót, nema:
- i. Flugöryggisstofnunin samþykki aðrar aðferðir til að sýna fram á að farið sé að viðeigandi grunnkröfum I., III. og IV. viðauka reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða
- ii. umsækjandinn velji að fara að vottunarforskriftum sem taka síðar gildi,
2. sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samræmi við a-lið 21.A.16B.
- b) Ef umsækjandi kys að fara að breytingu á vottunarforskriftunum, sem eru í gildi eftir að sótt hefur verið um tegundarvottorð, skal umsækjandi einnig fara að hvers konar annarri vottunarforskrift sem Flugöryggisstofnunin telur að tengist henni beint.“
- 7) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.20:
- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:
- „Samræmi við tegundarvottunargrunn, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur varðandi umhverfisvernd“**
- b) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:
- „a) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal sýna fram á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur varðandi umhverfisvernd og láta Flugöryggisstofnuninni í té upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að sýna fram á slíkt samræmi.“

8) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 21.A.21:

a) Í stað 1. liðar c-liðar komi eftirfarandi:

„1. að framleiðsluvaran, sem votta á, standist kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og kröfur varðandi umhverfisvernd sem tilgreindar eru í samræmi við 21.A.17A og 21.A.18,“.

b) Eftirfarandi e- og f-liður bætist við:

„e) Þegar um er að ræða tegundarvottorð fyrir loftfar er sýnt fram á að gögn um örugga starfrækslu séu í samræmi við viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, eins og tilgreint er í samræmi við 21.A.17B.

f) Þrátt fyrir e-lið og að ósk umsækjandans, sem tiltekinn er í yfirlýsingunni, sem um getur í d-lið 21.A.20, er heimilt að gefa út tegundarvottorð loftfars áður en sýnt hefur verið fram á samræmi við viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, sbr. þó að umsækjandinn sýni fram á samræmi við vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu áður en nota þarf gögn um örugga starfrækslu í raun.“

9) Í stað liðar 21.A.23 komi eftirfarandi:

„Útgáfa takmarkaðs tegundarvottorðs

a) Að því er varðar loftfar, sem uppfyllir ekki ákvæði c-liðar í 21.A.21, skal umsækjandi eiga rétt á að Flugöryggisstofnunin gefi út takmarkað tegundarvottorð eftir að:

1. hann hefur farið að kröfum, samkvæmt viðeigandi tegundarvottunargrunni, sem Flugöryggisstofnunin kvað á um til að tryggja fullnægjandi öryggi, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar loftfarsins, og að viðeigandi kröfum um umhverfisvernd,

2. hann hefur sérstaklega lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að fara að 21.A.44,

3. ef um er að ræða loftfar, sem hefur takmarkað tegundarvottorð, er sýnt fram á að gögn um örugga starfrækslu séu í samræmi við viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, eins og tilgreint er í samræmi við 21.A.17B.

b) Þrátt fyrir 3. lið a-liðar og að ósk umsækjandans, sem tiltekinn er í yfirlýsingunni, sem um getur í d-lið 21.A.20, er heimilt að gefa út takmarkað tegundarvottorð áður en sýnt hefur verið fram á samræmi við viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, sbr. þó að umsækjandinn sýni fram á samræmi við vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu áður en nota þarf gögn um örugga starfrækslu í raun.

c) Að því er varðar hreyfil eða loftskrófu, eða hvort tveggja, sem hefur verið sett í loftfar:

1. skal fylgja hreyflinum og/eða loftskrófunni tegundarvottorð sem gefið er út eða ákvarðað í samræmi við þessa reglugerð eða

2. skal hafa verið sýnt fram á að hreyfillinn og/eða loftskrófan séu í samræmi við vottunarforskriftir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt flug loftfarsins.“

10) Í stað 3. liðar a-liðar í 21.A.31 komi eftirfarandi:

„3. samþykkti þátturinn um lofthæfitakmarkanir í leiðbeiningunum varðandi áframhaldandi lofthæfi, eins og það er skilgreint í viðeigandi vottunarforskriftum og“.

11) Í stað 21A.41 komi eftirfarandi:

„21.A.41 Tegundarvottorð

Tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð skulu ná yfir tegundarhönnun, starfrækslumörk, gagnablað tegundarvottorðs fyrir lofthæfi og losun mengunarefna, viðeigandi tegundarvottunargrunn og þær kröfur varðandi umhverfisvernd sem Flugöryggisstofnunin skráir samræmi við, og önnur skilyrði eða takmarkanir sem mælt er fyrir um fyrir framleiðsluvöruna í viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd. Bæði tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð loftfars skulu þar að auki ná yfir viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, gögn um örugga starfrækslu og gagnablað tegundarvottorðs fyrir hljóðstig. Gagnablað tegundarvottorðs fyrir hreyfil skal ná yfir skrá um samræmi við kröfur varðandi losun mengunarefna.“

12) Í stað a-liðar í 21.A.44 komi eftirfarandi:

„a) takast á hendur skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.55, 21.A.57, 21.A.61 og 21.A.62, og skal í þeim tilgangi uppfylla áfram hæfiskröfur til að vera gjaldgengur skv. 21.A.14 og“.

13) Í stað 21.A.55 komi eftirfarandi:

„21.A.55 Skráahald

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal hafa allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófunarskýrslur, að meðtöldum skoðunarskrám fyrir framleiðsluvörur sem prófuð er, tiltækar fyrir Flugöryggisstofnunina og varðveita þær í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, áframhaldandi gildi gagnanna um örugga starfrækslu og samræmi við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd er varða framleiðsluvörur.“

14) Í stað 21.A.57 komi eftirfarandi:

„21.A.57 Handbækur

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja fram, viðhalda og uppfæra frumeintök af öllum handbókum, sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni, viðeigandi vottunargrunni gagna um örugga starfrækslu og kröfum varðandi umhverfisvernd er varða framleiðsluvörur, og afhenda Flugöryggisstofnuninni afrit fari hún þess á leit.“

15) Í B-kafla bætist við 21.A.62:

„21.A.62 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal gera eftirfarandi tiltækt:

- a) a.m.k. eitt gagnasafn af heildargögnum um örugga starfrækslu, sem er útbúið í samræmi við viðeigandi vottunargrunn fyrir örugga starfrækslu, fyrir alla þekkta flugrekendur loftfarsins í ESB, áður en þjálfunarfyrirtæki eða flugrekandi í ESB verður að nota gögnin um örugga starfrækslu og
- b) hvers konar breytingar á gögnum um örugga starfrækslu fyrir alla þekkta flugrekendur loftfarsins í ESB og
- c) viðeigandi gögn, sem um getur í a- og b-lið hér að framan, að fenginni beiðni þar um, fyrir:
 1. lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á að sannreyna samræmi við einn eða fleiri þætti í þessu gagnasafni gagna um örugga starfrækslu, og
 2. alla einstaklinga sem eiga að fara að einum eða fleiri þessara þátta í þessu gagnasafni gagna um örugga starfrækslu.“

16) Í stað 21.A.90A komi eftirfarandi:

„21.A.90.A Gildissvið

Í þessum kafla eru settar verklagsreglur um samþykki fyrir breytingum á tegundarvottorðum og ákvörðuð réttindi og skyldur umsækjenda um þessi samþykki og handhafa þeirra. Í þessum kafla eru einnig skilgreindar staðlaðar breytingar sem ekki falla undir samþykkisferli samkvæmt þessum kafla. Þegar vísað er til tegundarvottorðs í þessum kafla er átt við tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð.“

17) Í stað a-liðar í 21.A.90B komi eftirfarandi:

„a) Staðlaðar breytingar eru breytingar á tegundarvottorði:

1. í tengslum við:
 - i. flugvélar með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 5 700 kg eða minni,
 - ii. þyrilvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er 3 175 kg eða minni,
 - iii. svifflugur, vélsvifflugur, loftbelgi og loftskip, eins og þau eru skilgreind í ELA1 eða ELA2,
2. sem fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum breytingum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, og

3. sem stangast ekki á við gögn handhafa tegundarvottorðs.“

18) Í stað 21.A.91 komi eftirfarandi:

„21.A.91 Flokkun breytinga á tegundarvottorði

Breytingar á tegundarvottorði eru flokkaðar sem minni háttar og meiri háttar. „Minni háttar breyting“ hefur engin veruleg áhrif á massa, jafnvægi, burðarþol, áreiðanleika, rekstrareiginleika, hljóðstig, loftun eldsneytistanka, losun mengunarefna með útblæstri, gögn um örugga starfrækslu eða aðra eiginleika sem hafa áhrif á lofthæfi framleiðsluvörunnar. Með fyrirvara um ákvæði 21.A.19 eru allar aðrar breytingar „meiri háttar breytingar“ samkvæmt þessum kafla. Meiri háttar og minni háttar breytingar skulu samþykktar í samræmi við 21.A.95 eða 21.A.97, eftir því sem við á, og auðkenndar á viðunandi hátt.“

19) Í stað 21.A.92 komi eftirfarandi:

„21.A.92 Gjaldgengi

- a) Aðeins handhafir tegundarvottorðs má sækja um samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði samkvæmt þessum kafla en allir aðrir umsækjendur um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skulu sækja um samkvæmt E-kafla.
- b) Sérhver einstaklingur eða lögaðili má sækja um samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði samkvæmt þessum kafla.“

20) Í stað 21.A.93 komi eftirfarandi:

„21.A.93 Umsókn

Umsókn um samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður og skal innihalda:

- a) lýsingu á breytingunni þar sem tilgreint er:
 1. allir hlutar tegundarhönnunarinnar og samþykktu handbókanna, sem breytingin hefur áhrif á, og
 2. vottunarforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd sem breytingin hefur verið hönnuð til að uppfylla í samræmi við 21.A.101,
- b) tilgreiningu hvers konar rannsókna, sem nauðsynlegt er að endurtaka, til að sýna samræmi breyttu framleiðsluvörunnar við viðeigandi vottunarforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd.
- c) Að því er varðar breytingar, sem hafa áhrif á gögn um örugga starfrækslu, skal umsóknin innihalda eða bæta skal við hana, eftir að upphaflega umsóknin hefur verið lögð fram, nauðsynlegum breytingum á gögnum um örugga starfrækslu.“

21) Í stað 21.A.95 komi eftirfarandi:

„21.A.95 Minni háttar breytingar

Minni háttar breytingar á tegundarvottorði skulu flokkaðar og samþykktar, annaðhvort:

- a) af Flugöryggisstofnuninni eða
- b) af tilhlýðilega samþykktu hönnunarfyrirtæki samkvæmt verklagsreglu sem samið hefur verið um við Flugöryggisstofnunina.“

22) Í stað b-liðar í 21.A.97 komi eftirfarandi:

„b) Samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem skal breyta.“

23) Í stað 21.A.101 komi eftirfarandi:

„21.A.101 Tilgreining viðeigandi vottunarforskrifta og krafna varðandi umhverfisvernd

- a) Umsækjandi um breytingu á tegundarvottorði skal sýna fram á að breytta framleiðsluvaran sé í samræmi við vottunarforskriftirnar, sem eiga við um breyttu framleiðsluvöruna og sem eru í gildi þegar sótt er um breytinguna, nema umsækjandi kjósi að fara að vottunarforskriftunum með breytingum, sem öðlast gildi síðar, eða þess sé krafist samkvæmt e- og f-lið, og við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem mælt er fyrir um í 21.A.18.

- b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er umsækjanda heimilt að sýna fram á að breytta framleiðsluvaran sé í samræmi við fyrri breytingu á vottunarforskriftunum, sem eru tilgreindar í a-lið, og breytingu á annarri vottunarforskrift sem Flugöryggisstofnunin telur að tengist henni beint. Samsvarandi vottunarforskriftir, sem eru innleiddar með tilvísun í tegundarvottorðinu, skulu hafa forgang fram yfir fyrri breytingu á vottunarforskriftunum. Umsækjanda er heimilt að sýna fram á að hann uppfylli ákvæði fyrri breytingar á vottunarforskriftum að því er varðar eftirfarandi atriði:
1. breytingu sem Flugöryggisstofnunin telur að sé ekki þýðingarmikil. Við ákvörðun á því hvort tiltekin breyting sé þýðingarmikil skoðar Flugöryggisstofnunin breytinguna í samhengi við allar viðkomandi, fyrri hönnunarbreytingar og tilheyrandi endurskoðun á viðeigandi vottunarforskriftum sem um getur í tegundarvottorði framleiðsluvörunnar. Breytingar, sem uppfylla eina af eftirfarandi viðmiðunum, teljast sjálfkrafa þýðingarmiklar:
 - i. heildarútfærslu eða meginreglum um smíði er ekki viðhaldið,
 - ii. forsendur, sem notaðar eru við vottun framleiðsluvörunnar sem á að breyta, gilda ekki áfram.
 2. sérhvert svæði, kerfi, hluta eða búnað sem Flugöryggisstofnunin telur að verði ekki fyrir áhrifum af völdum breytingarinnar,
 3. sérhvert svæði, kerfi, hluta eða búnað, sem verður fyrir áhrifum af völdum breytingarinnar, þar sem Flugöryggisstofnunin telur að uppfylling ákvæða vottunarforskriftanna, sem um getur í a-lið, myndi ekki auka að neinu marki, öryggi breyttu framleiðsluvörunnar eða vera óhagkvæm.
- c) Umsækjanda um breytingu á loftfari (öðru en þyrilvængju) með 2 722 kg eða minni hámarksþyngd eða breytingu á þyrilvængju án hverfihreyfils með 1 361 kg eða minni hámarksþyngd er heimilt að sýna fram á að breytta framleiðsluvaran sé í samræmi við tegundarvottunargrunninn sem er innleiddur með tilvísun í tegundarvottorðinu. Telji Flugöryggisstofnunin hins vegar að breytingin sé þýðingarmikil á tilteknu sviði getur hún ákveðið að uppfylla skuli kröfur varðandi breytingu á tegundarvottunargrunni, sem er innleiddur með tilvísun í tegundarvottorðinu, sem var í gildi daginn sem sótt var um, og samkvæmt öðrum vottunarforskriftum, sem Flugöryggisstofnunin telur að tengist þessu beint, nema Flugöryggisstofnunin telji einnig að samræmi við þá breytingu eða vottunarforskrift myndi ekki auka að neinu marki öryggi breyttu framleiðsluvörunnar eða vera óhagkvæm.
- d) Ef Flugöryggisstofnunin telur að í vottunarforskriftunum, sem eru í gildi daginn sem sótt er um breytinguna, séu ekki gerðar fullnægjandi kröfur, að því er varðar fyrirhuguðu breytinguna, skal umsækjandi einnig fullnægja sérstökum skilyrðum og breytingum á þessum sérstöku skilyrðum, sem mælt er fyrir um samkvæmt ákvæðum 21.A.16B, til að veita öryggi sem er sambærilegt því sem ákvarðað er í vottunarforskriftunum sem í gildi eru þegar sótt er um breytinguna.
- e) Umsókn um breytingu á tegundarvottorði fyrir stórar flugvélar og stórar þyrilvængjur gildir í fimm ár og umsókn um breytingu á öðru tegundarvottorði gildir í þrjú ár. Þegar breytingin hefur ekki verið samþykkt eða það er ljóst að hún verður ekki samþykkt innan þess frests sem settur er samkvæmt þessum lið er umsækjanda heimilt:
1. að leggja inn nýja umsókn um breytingu á tegundarvottorði og fara að öllum ákvæðum a-liðar, sem eiga við upphaflega umsókn um breytingu, eða
 2. að sækja um framlengingu á upphaflegu umsókninni og fara að ákvæðum a-liðar um gildistökdag umsóknar og skal umsækjandi velja gildistökdaginn sem má þó ekki vera fyrr en dagurinn sem breytingin er samþykkt en sem nemur frestinum sem er settur samkvæmt þessum lið fyrir upphaflegu umsóknina um breytingu.
- f) Ef umsækjandi kys að fara að vottunarforskrift um breytingu á vottunarforskriftum, sem eru í gildi eftir að sótt hefur verið um breytingu á tegund, skal umsækjandi einnig fara að öðrum vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin telur að sé í beinu samhengi við hana.
- g) Þegar umsókn um breytingu á tegundarvottorði loffars felur í sér eða bætt er við hana, eftir upphaflegu umsóknina, breytingum á gögnum um örugga starfrækslu, skal vottunargrunnurinn fyrir gögn um örugga starfrækslu tilgreindur í samræmi við a-, b-, c-, d- og f-lið hér að framan.“

24) Í stað 21.A.103 komi eftirfarandi:

„21.A.103 Útgáfa samþykkis

- a) Umsækjandi skal eiga rétt á að Flugöryggisstofnunin samþykki meiri háttar breytingu á tegundarvottorði eftir að:

1. hann hefur lagt fram yfirlýsinguna sem um getur í d-lið 21.A.20 og
 2. sýnt hefur verið fram á:
 - i. að breytta framleiðsluvaran samrýmist viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd eins og tilgreint er í 21.A.101,
 - ii. að sérhvert lofthæfiákvæði, sem ekki er farið að, sé bætt upp með þáttum, sem veita sambærilegt öryggi, og
 - iii. að ekkert einkenni eða eiginleiki geri framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar þar sem óskað er eftir vottun,
 3. ef um er að ræða breytingar, sem hafa áhrif á gögn um örugga starfrækslu, sýnt hefur verið fram á að nauðsynlegar breytingar á gögnunum um örugga starfrækslu séu í samræmi við viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu sem tilgreindur er í samræmi við g-lið í 21.A.101.
 4. Þrátt fyrir 3. lið og að ósk umsækjandans, sem tiltekinn er í yfirlýsingunni sem um getur í d-lið 21.A.20, er heimilt að samþykka tegundarvottorð loftfars áður en sýnt hefur verið fram á samræmi við viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu, sbr. þó að umsækjandinn sýni fram á samræmi við vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu áður en nota þarf gögn um örugga starfrækslu í raun.
- b) Minni háttar breyting á tegundarvottorði skal aðeins samþykkt í samræmi við 21.A.95 ef sýnt hefur verið fram á að breytta framleiðsluvaran uppfylli viðeigandi vottunarforskriftir eins og tilgreint er í 21.A.101.“
- 25) Í stað 21.A.105 komi eftirfarandi:

„21.A.105 Skráahald

Umsækjandi skal, að því er varðar hvers konar breytingu, hafa allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófunarskýrslur, að meðtöldum skoðunarskrám fyrir breyttu framleiðsluvöruna, sem prófuð er, tiltækar fyrir Flugöryggisstofnunina og varðveita þær í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi, áframhaldandi gildi gagnanna um örugga starfrækslu og samræmi við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd er varða breyttu framleiðsluvöruna.“

- 26) Í stað a-liðar í 21.A.107 komi eftirfarandi:

„a) Handhafi samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði skal, við afhendingu eða við útgáfu fyrsta lofthæfivottorðs fyrir viðkomandi loftfar, eftir því hvort gerist síðar, láta sérhverjum þekktum eiganda eins eða fleiri loftfara, hreyfla eða loftskrúfna, þar sem minni háttar breytingin er gerð, í té a.m.k. eitt eintak af tilheyrandi breytingum, ef einhverjar eru, á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, þar sem minni háttar breytingin er gerð og sem útbúnar hafa verið í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, og veita síðan öllum öðrum, sem þess óska, og þurfa að hlíta skilmálum leiðbeininganna, aðgang að þessum breytingum á leiðbeiningum.“

- 27) Eftirfarandi 21.A.108 bætist við:

„21.A.108 Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

Ef um er að ræða breytingar, sem hafa áhrif á gögn um örugga starfrækslu, skal handhafi samþykkis um minni háttar breytingar gera tiltækilegt eða tiltækar:

- a) a.m.k. eitt eintak af breytingum á gögnum um örugga starfrækslu, sem eru útbúin í samræmi við viðeigandi vottunargrunn fyrir örugga starfrækslu, fyrir alla þekktu flugrekendur breytta loftfarsins í ESB, áður en þjálfunarfyrirtæki eða flugrekandi í ESB þarf að nota gögnin um örugga starfrækslu og
- b) hvers konar frekari breytingar á gögnum um örugga starfrækslu, sem verða fyrir áhrifum, fyrir alla þekktu flugrekendur loftfarsins í ESB og
- c) viðeigandi hluta breytinganna í a- og b-lið hér að framan, að fenginni beiðni þar um, fyrir:
 1. lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á að sannreyna samræmi við einn eða fleiri þætti gagnanna um örugga starfrækslu, sem verða fyrir áhrifum, og
 2. alla einstaklinga sem þurfa að uppfylla einn eða fleiri þætti í þessu gagnasafni gagna um örugga starfrækslu.“

28) Í stað 21.A.109 komi eftirfarandi:

„Skyldur og EPA-merking

Handhafi samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði skal:

- a) takast á hendur skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A.105, 21.A.107 og 21.A.108, og
- b) tilgreina merkinguna (þ.m.t. stafina „EPA“ („evrópskt hlutasamþykki“), í samræmi við a-lið 21.A.804.“

29) Í stað 21.A.111 komi eftirfarandi:

„21.A.111 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir meiri háttar breytingum á tegundarvottorði, samkvæmt verklagsreglum um viðbótartegundarvottorð, og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um þessi vottorð og handhafa þessara vottorða.“

30) Í stað b-liðar í 21.A.113 komi eftirfarandi:

„b) Umsókn um viðbótartegundarvottorð skal innihalda þær lýsingar, tilgreiningar og breytingar á gögnum um örugga starfrækslu sem krafist er í 21.A.93. Að auki skal slíkri umsókn fylgja rökstuðningur fyrir því að upplýsingarnar, sem þessir þættir byggjast á, séu fullnægjandi, hvort sem þær eru fengnar með úrræðum umsækjanda eða með samkomulagi við handhafa tegundarvottorðsins.“

31) Í stað a-liðar í 21.A.118A komi eftirfarandi:

„a) takast á hendur skyldurnar:

1. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.105, 21.A.119, 21.A.120A og 21.A.120B,
2. sem skilyrðislaust felast í samstarfinu við handhafa tegundarvottorðsins skv. 2. lið d-liðar 21.A.115, og í þeim tilgangi að halda áfram að fara að viðmiðunum í 21.A.112B,“.

32) Í stað 21.A.119 komi eftirfarandi:

„21.A.119 Handbækur

Handhafi viðbótartegundarvottorðs skal undirbúa, viðhalda og uppfæra frumeintök af breytingum á þeim handbókum sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni, viðeigandi vottunargrunni fyrir gögn um örugga starfrækslu og kröfum varðandi umhverfisvernd, er varða framleiðsluvöruna, sem eru nauðsynlegar til að ná yfir breytingar, sem gerðar eru samkvæmt viðbótartegundarvottorði, og afhenda Flugöryggisstofnuninni afrit af þessum handbókum fari hún þess á leit.“

33) Í stað fyrirsagnar í 21.A.120 komi eftirfarandi:

„21.A.120A Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi“

34) Eftirfarandi 21.A.120B bætist við í E-kafla:

„21.A.120B Tiltækileiki gagna um örugga starfrækslu

Ef um er að ræða breytingar, sem hafa áhrif á gögn um örugga starfrækslu, skal handhafi viðbótartegundarvottorðs gera eftirfarandi tiltækt:

- a) a.m.k. eitt eintak af breytingum á gögnum um örugga starfrækslu, sem eru útbúin í samræmi við viðeigandi vottunargrunn fyrir örugga starfrækslu, fyrir alla þekkta flugrekendur breytta loftfarsins í ESB, áður en þjálfunarfyrirtæki eða flugrekandi í ESB þarf að nota gögnin um örugga starfrækslu og
- b) allar frekari breytingar á gögnum um örugga starfrækslu, sem verða fyrir áhrifum, fyrir alla þekkta flugrekendur loftfarsins í ESB og
- c) viðeigandi hluta breytinganna í a- og b-lið hér að framan, að fenginni beiðni þar um, fyrir:
 1. lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á að sannreyna samræmi við einn eða fleiri þætti gagnanna um örugga starfrækslu, sem verða fyrir áhrifum, og
 2. alla einstaklinga sem þurfa að uppfylla einn eða fleiri þætti í þessu gagnasafni gagna um örugga starfrækslu.“

35) Í stað iii. liðar 2. liðar b-liðar í 21.A.174 komi eftirfarandi:

„iii. flughandbók þegar þess er krafist í viðeigandi vottunarskriftum fyrir tiltekið loftfar.“

36) Í stað 1. liðar a-liðar í 21.A.239 komi eftirfarandi:

„1. að tryggja að hönnun framleiðsluvara, hluta og búnaðar eða breyting á hönnun sé í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur varðandi umhverfisvernd og“.

37) Í stað 21.A.245 komi eftirfarandi:

„21.A.245 Skilyrði fyrir samþykki

Hönnunarfyrirtækið skal, á grundvelli þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 21.A.243, sýna fram á, auk þess að uppfylla ákvæði 21.A.239:

- a) að starfsfólk í öllum tæknideildum sé nægilega margt og hafi nægilega reynslu og hafi viðeigandi heimildir til að sinna þeirri ábyrgð sem því er falin og að þessi skilyrði, ásamt húsnæði, aðstöðu og búnaði, geri starfsfólki kleift að ná þeim markmiðum um lofthæfi, örugga starfrækslu og umhverfisvernd sem sett hafa verið fyrir framleiðsluvöruna,
- b) að full og skilvirk samræming sé milli deilda og innan deilda að því er varðar málefni sem tengjast lofthæfi, öruggri starfrækslu og umhverfisvernd.“

38) Í stað 21.A.247 komi eftirfarandi:

„Breytingar á hönnunartryggingarkerfi

Eftir útgáfu samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki verður sérhver breyting á hönnunartryggingarkerfinu, sem er þýðingarmikil þegar kemur að því að sýna fram á samræmi eða lofthæfi, örugga starfrækslu og umhverfisvernd er varðar framleiðsluvöruna, að hljóta samþykki Flugöryggisstofnunarinnar. Skrifleg umsókn um samþykki skal lögð fyrir Flugöryggisstofnunina og hönnunarfyrirtækið skal sýna Flugöryggisstofnuninni fram á, á grundvelli fyrirhugaðra breytinga á handbókinni og áður en breytingin er framkvæmd, að það muni áfram uppfylla ákvæði þessa kafla eftir breytinguna.“

39) Í stað 21.A.251 komi eftirfarandi:

„21.A.251 Skilmálar samþykkis

Í skilmálum samþykkis skulu tilgreindar tegundir hönnunar, flokkar framleiðsluvara, hluta og búnaðar, sem samþykki fyrir hönnunarfyrirtækinu nær yfir, og þau störf og skyldur sem fyrirtækinu er heimilt að inna af hendi að því er varðar lofthæfi framleiðsluvara, örugga starfrækslu þeirra og einkenni þeirra, með tilliti til hljóðstígs, loftunar eldsneytistanka og losunar mengunarefna með útblæstri. Þegar um er að ræða samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, sem nær til tegundarvottunar eða ETSO-heimildar fyrir aukaafstöðvar, skulu skilmálar samþykkis innihalda að auki skrá yfir framleiðsluvörur eða aukaafstöðvar. Þessir skilmálar skulu gefnir út sem hluti af samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki.“

40) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21.A.263:

a) Í stað b-liðar 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði eða“.

b) Í stað 1. og 2. liðar c-liðar komi eftirfarandi:

„1. að flokka breytingar á tegundarvottorði og viðgerðum sem „meiri háttar“ eða „minni háttar“,

2. að samþykkja minni háttar breytingar á tegundarvottorði og minni háttar viðgerðir“,“.

41) Í stað a-liðar í 21.A.435 komi eftirfarandi:

„a) Viðgerð getur verið „meiri háttar“ eða „minni háttar“. Flokkunin skal gerð í samræmi við viðmiðanirnar í 21.A.91 um breytingu á tegundarvottorði.“

42) Í stað a-liðar í 21.A.604 komi eftirfarandi:

„a) gilda 21.A.15, 21.A.16B, 21.A.17A, 21.A.17B, 21.A.20, 21.A.21, 21.A.31, 21.A.33, 21.A.44, þrátt fyrir 21.A.603, c-lið 21.A.606, 21.A.610 og 21.A.615, nema að því leyti að gefa skal út ETSO-heimild í samræmi við 21.A.606 í stað tegundarvottorðsins.“

43) D-kafla í B-þætti I. viðauka (21. hluta) er breytt sem hér segir:

- a) Yfirlýsingin „stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir“ er felld brott,
- b) Eftirfarandi 21.B.70 bætist við:

„21.B.70 Samþykki breytinga á tegundarvottorðum

Samþykki breytinganna á tegundarvottorðinu nær einnig til samþykkis breytinga á gögnum um örugga starfrækslu. Þó skal Flugöryggisstofnunin nota sérstaka flokkun og samþykkisferli fyrir stjórnun breytinga á gögnum um örugga starfrækslu.“

44) Í stað iii. liðar 1. liðar b-liðar í 21.B.326 komi eftirfarandi:

„iii. að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003.“

45) Í stað C-liðar í i. lið 2. liðar a-liðar í 21.B.327 komi eftirfarandi:

„C) að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003.“

46) Reitir 14a, 14b, 14c, 14d og 14e á EASA-eyðublaði nr. 1 skulu vera í gráum lit.

47) Eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna að notkunarleiðbeiningunum fyrir EASA-eyðublað nr. 1 í I. viðbæti:

„Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við um notkun EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna framleiðslu. Athygli er vakin á II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 sem tekur til notkunar EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna viðhalds.“